

REGLUR

um doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Doktorsnám.

Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemanum þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum, rannsóknaraðferðum og vinnu að samfelldu rannsóknarverkefni. Einnig að þjálfa hann í undirbúningi og framkvæmd rannsókna og birtingu rannsóknarniðurstaðna. Hann skal byggja upp ítarlega þekkingu á sviði doktorsverkefnis síns þannig að hann geti verið vel undir það búinn að starfa sjálfstætt að vísindum.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur er 15. mars og 15. september fyrir inntöku í doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Deildinni er heimilt að taka við umsóknum á öðrum tímum.

3. gr.

Meðferð umsókna.

Rannsóknarnámsnefnd lyfjafræðideildar fer með málefni doktorsnámsins í umboði lyfjafræðideildar. Hlutverk rannsóknarnámsnefndar er m.a. að fjalla um umsóknir og gera tillögu til deildarráðs lyfjafræðideildar að doktorsnefndum og um andmælendur við doktorsvörn.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu lyfjafræðideildar, sem sendir hana til rannsóknarnámsnefndar. Henni skal fylgja lýsing rannsóknarverkefnisins og stutt rannsóknaráætlun, sbr. umsóknareyðublað. Rannsóknarnámsnefnd fjallar um umsóknirnar, kemur með tillögu að doktorsnefnd og tilkynnir deildarráði niðurstöðu sína. Ef rannsóknarnámsnefnd telur verkefnið hæft sem doktorsverkefni, fær tilvonandi doktorsnemi tvo mánuði frá afgreiðslu rannsóknarnámsnefndar til að útbúa fyrirlestur, þar sem hann kynnir fyrirhugaða rannsóknaráætlun og rannsóknarspurningar fyrir væntanlegri doktorsnefnd og minnst þremur af föstum kennurum deildarinnar. Telji doktorsnefnd og kennarar verkefnið hæft, telst hann samþykktur í doktorsnám. Doktorsnemi sem rannsóknarnámsnefnd og lyfjafræðideild hafa samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í doktorsnám við lyfjafræðideild þarf nemandi að hafa lokið Cand. Pharm., B.S.- eða M.S.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki fyrstu einkunn (7,25). Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarks-einkunn hafi umsækjandi sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Doktorsefni sem hafa verulega reynslu í vísindalegum vinnubrögðum, hafa lokið verulegum rannsóknum, birt vísindagreinar eða skila fullgerðri ritgerð falla undir sama skipulag og aðrir. Skipa skal umsjónarkennara (sbr. 7. gr.) og doktorsnefnd (sbr. 9. gr.). Doktorsnefndin metur reynslu, rannsóknarvinnu og skrif doktorsefnis til doktorsnáms að hluta eða jafnvel að fullu.

5. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Doktorsnám við lyfjafræðideild er metið til 90 eininga og miða skal við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins þrjú ár. Nemar sem lokið hafa B.S.- prófi skulu taka 150 einingar og miða skal við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins fimm ár.

6. gr.

Samsetning náms.

Doktorsnámið felur fyrst og fremst í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og vinnu að samfelldu rannsóknarverkefni. Hluti námsins, að lágmarki 12 einingar, skal vera í námskeiðum, málstofum og lesnámskeiðum. Þátttaka í málstofu læknadeildar eða raunvísinda-deildar (3 einingar) er skylda. Nemandi í doktorsnámi má að hámarki taka 5 einingar í lesnámskeiðum undir leiðsögn kennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknarsviði sem tengist rannsóknarverkefni nemanda, en er ekki hluti af aðalverkefni. Námið felst í lestri tímaritsgreina og annarra heimilda sem valdar eru í samráði við kennara og umræðum um þær við kennara. Lesnámskeiði lýkur með ritgerð.

Miðað skal við að hluti doktorsnáms fari fram við erlendan háskóla. Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla.

Doktorsnemi skal taka þátt í kennslu í fræðigreini sinni, a.m.k. 200 vinnustundum á náms-tímanum, sem skiptist milli fyrirlestra, dæmatíma og verklegra æfinga samkvæmt samkomu-lagi milli nema og kennara.

Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki doktorsnefndar.

7. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Nemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Nemandinn leggur fram námsáætlun sem doktorsnefnd samþykkir sbr. 3. gr.

Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til hans í þessum reglum. Sé umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónarkennari umsjón með náminu, en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í rannsóknarverkefni.

8. gr.

Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda.

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastur kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Leiðbeiningu doktorsnema eiga þeir einir að sinna sem lokið hafa doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur doktorsnema, hvort sem þeir eru fastir kennarar við Háskólann eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemanda á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

9. gr.

Doktorsnefnd.

Doktorsnefnd skal skipuð fimm sérfróðum mönnum sem rannsóknarnámsnefnd tilnefnir og lyfjafræðideild skipar og skulu a.m.k. tveir þeirra vera utan þeirrar stofnunar eða rannsóknarstofu sem verkefnið er unnið við. Nefndin kýs sér formann. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í doktorsnefnd. Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur. Doktorsefni getur kallað saman doktorsnefnd að eigin frumkvæði.

Um miðbik námsins kveður doktorsnefnd nemand á sinn fund þar sem honum er falið að halda fyrirlestur um rannsóknarefni sitt og prófar hann í almennri þekkingu og rannsóknar- aðferðum á viðkomandi sviði.

Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefnd rökstuddu álitni til deildar um það hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar. Á sama tíma skal doktorsnefnd leggja fram staðfest námsferilsyfirlit nemanda.

10. gr.

Doktorsritgerð.

Doktorsritgerðina skal skrifa á ensku. Í doktorsritgerð skal vera ítarlegur inngangur, þar sem staða þekkingar á fræðasviðinu er rakin, aðferðum lýst, gerð grein fyrir niðurstöðum og loks skal vera ítarlegur umræðukafli sem fjallar um verkefnið í heild. Doktorsnemi skal hafa skrifað a.m.k. tvær greinar í erlent vísindatímarit, þar sem hann er fyrsti höfundur. Greinar um einstaka hluta verkefnisins sem hafa verið birtar, samþykktar til birtingar eða eru tilbúnar til sendingar til birtingar í vísindatímaritum skulu vera hluti af doktorsritgerðinni. Í hverri doktorsritgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku.

Í ritgerðinni skal getið stofnunar sem rannsóknin var unnin við og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið hafi verið unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið.

Doktorsritgerð skal skilað í tíu eintökum til skrifstofu lyfjafræðideildar. Lyfjafræðideild tekur ekki þátt í kostnaði vegna doktorsritgerða.

11. gr.

Andmælendur.

Rannsóknarnámsnefnd gerir tillögu til deildarráðs um tvo andmælendur við doktorsvörn og skulu þeir vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Annar andmælandinn skal vera utan deildar og er æskilegt að hann komi frá öðrum háskóla, en hinn má vera innan deildar. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskólans um doktorspróf. Andmælendur fá endanlegt eintak doktorsritgerðar að minnsta kosti sex vikum fyrir doktorsvörn.

12. gr.

Lærdómstitill.

Doktorspróf frá lyfjafræðideild Háskóla Íslands veitir rétt til lærdómstitilsins *Philosophiae Doctor* (Ph.D.)

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lyfjafræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands sem samþykktar voru af háskólaráði 15. febrúar 2001.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla lyfjafræðideildar í kennsluskra og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 5. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.